



Lyfjastofnun

Icelandic Medicines Agency

Vikuleg samantekt á lyfjaskorti

» Upplýsingarnar gilda um lyfjaskort sem hefur verið tilkynntur Lyfjastofnun


Vika 30, 2025



Lyf í skorti í dag - áhrif á lyfjanotendur

Tilkynnt hefur verið um skort á 260 lyfjapakkingum:

- Í **96%** tilvika munu lyfjanotendur fá sambærilega lyfjameðferð. Áhrif skorts eru því óveruleg á lyfjameðferðina.
- **7** mismunandi lyfjapakkingar eru í skorti þar sem læknir þarf að breyta lyfjameðferð í aðra álíka lyfjameðferð.
- **3** lyfjapakkingar eru í skorti þar sem ekkert sambærilegt lyf eða álíka lyfjameðferð er fáanleg.



- » Upplýsingar og ráðleggingar eru birtar fyrir hvert lyf í skorti í [sérlyfjaskrá](#) og í vefþjónustu fyrir ávísanakerfi lækna.
- » Lyfjastofnun birtir lista yfir allan tilkynntan lyfjaskort á [vefsíðu](#) stofnunarinnar.


Nánar um skort sem leiðir til þess að læknir þarf að breyta lyfjameðferð í aðra álíka meðferð - hvað kemur í staðinn?

Heiti lyfs	ATC-flokkur	Fjöldi daga í fyrirvara	Upphafsdags. skorts	Áætluð lokadags. skorts	Ábendingar	Ráðleggingar / annað
Cetrotide 0,25 mg stungulyfsstofn, lausn	H01CC02	0	14.5.2025	22.9.2025	Kemur í veg fyrir ótímabært egglos hjá konum í sem eru í ófrjósemismeðferð	Önnur úrræði eru á markaði, til dæmis lyfið Ganirelix Gedeon Richter (H01CC01).
Lomudal 20 mg/ml augndropar, lausn	S01GX01	-1	1.8.2023	óvíst	Ofnæmisbólgur í augnslímhúð, árstíðabundnar og stöðugar	- Lomudal augndropar hafa verið ófáanlegir lengi. - Aðrir ofnæmisaugndropar eru fáanlegir.
Oculac án rotvarnar 5 % augndropar	S01XA20	9	15.5.2025	1.9.2025	Til meðferðar við einkennum augnþurrks	- Oculac er lausasölulyf, þ.e. fæst án lyfseðils. - Ýmis önnur markaðsett lyf og lækningatæki eru á markaði við augnþurrki en flest eru með rotvörn ólíkt Oculac sem er ekki með rotvörn.
Timosan Depot í stakskammtaílati 1 mg/g augnhlaup	S01ED01	0	11.7.2025	30.11.2025	Notað til meðferðar á vissum augnsjúkdómum sem valda augnháþrýsting (gláka og augnháþrýstingur).	Ekkert annað augnlyf er á markaði sem inniheldur bara timolol eins og þetta lyf, hægt er að nota timolol í blöndum (álíka meðferð í öðrum ATC flokki)
Betnovat 1 mg/ml húðlausn 100 ml glas	D07AC0	8	10.7.2025	8.8.2025	Dregur úr bólgu í húðinni og er kláðastillandi. Við bólgu og ofnæmis- og kláðakvillum í húð eða slímhúðum.	Ekki til lyf í sama ATC flokki, á markaði eru húðlausnir í öðrum ATC flokkum sem innihalda aðra stera en í Betnovat.
Moviprep	A06AD6	6	17.7.2025	30.7.2025	Til notkunar hjá fullorðnum t.þ.a. hreinsa ristilinn svo hann sé tilbúinn fyrir Skoðun.	- Skorti lýkur eftir 5 daga. - Ekki til lyf í sama ATC flokki, á markaði eru álíka lyf.
Xtandi 40 mg	L02BB0	0	16.7.2025	30.7.2025	Nokkrir samþykktir notkunarmöguleikar, sjá SmPC á serlyfjaskrá.is	- Skorti lýkur eftir 5 daga. - Ekki til lyf í sama ATC flokki, á markaði eru álíka lyf.

Ekkert sambærilegt lyf fáanlegt hverjar eru aðgerðirnar?

Heiti lyfs	ATC-flokkur	Fjöldi daga í fyrirvara	Upphafsdag s. skorts	Áætluð lokadags. skorts	Ábendingar	Ráðleggingar / annað
Zyprexa stungulyfsstofn, lausn 10 mg	N05AH0	7	14.7.2025	15.8.2025	Til meðferðar við geðklofa, við meðal til alvarlegri geðhæð, hjá sjúklingum þar sem geðhærlota hefur svarað olanzapín t.þ.a. Fyrirbyggja að einkenni taki sig upp á ný hjá sjúklingum með geðhvörf.	Eitthvað er til af lyfinu hjá LSH, til skoðunar er að útvega undanþágulyf.
Galafold 123 mg hart hylki	A16AX01	-2	21.7.2025	4.8.2025	Galafold er ætlað til langtíma meðferðar hjá fullorðnum og unglingum 12 ára og eldri með staðfesta greiningu á Fabry-sjúkdómi (skortur á α-galaktósíðasa A) og eru með móttækilega stökkbreytingu	Umboðsaðili er að flytja lyfið með hraði til landsins.
Natriumklorid Fresenius Kabi 9 g/1000 ml innrennslislyf, lausn	B05BB0	2	25.7.2025	29.7.2025	Natriumklorid Fresenius Kabi er tær saltvatnslausn, sem er notuð til að leysa upp eða þynna lyf áður en lyfið er gefið með inndælingu.	Stuttur skortur, lýkur 29.júlí.

Fjöldi lyfjaskortstílfella þar sem hugsanlega þarf að breyta lyfjameðferð - 2025



Janúar-júní 2025, meðalfjöldi tilkynninga á mánuði:

- 4,5 = Ekkert sambærilegt eða álíka lyf fáanlegt
- 5 = Álíka lyfjameðferð fáanleg

Samanburður við fyrra ár


2024, meðalfjöldi tilkynninga á mánuði:

- 5 = Ekkert sambærilegt eða álíka lyf fáanlegt
- 8 = Álíka lyfjameðferð fáanleg

Súluritið sýnir þann mánuð sem tilkynning barst Lyfjastofnun, óháð því hvenær skortur hefst.


Þörf á aðgerðum af hálfu lækna vegna lyfjaskorts

Staðan í dag



Þróun 2025

Áhættustig ● Hátt ● Lágt ● Miðlungs



Janúar-júní 2025:

- 36% alvarleikastig hátt
- Í 68% tilvika gat læknir ávísað lyfi í skorti

Allt árið 2024:

- 35% alvarleikastig hátt
- Í 58% tilvika gat læknir ávísað lyfi í skorti

Litakóðun birtist í ávísanakerfi (Sögu) ásamt ráðleggingum:

Lágt Læknir getur ávísað markaðssetta lyfinu þrátt fyrir skort því hægt er að breyta lyfjaávisun í apóteki og lyfjameðferð helst óbreytt. Dæmi: Önnur lyf eru í skiptiskrá, til er önnur pakkningastærð, annar styrkleiki eða útskipti í undanþágulyf eftir heimild Lyfjastofnunar

Miðlungs Mat læknis hvort hægt sé að ávísa markaðssetta lyfinu í skorti eða hvort ávísa þurfi öðru lyfi (val á milli lágt eða hátt).

Hátt Krefst ávallt aðgerða af hálfu læknis, ekki hægt að leysa málið í apóteki. Læknir þarf til dæmis að ávísa öðru markaðssettu lyfi, öðru lyfjaformi eða undanþágulyfi.

Heimild lyfjafræðinga til að breyta ávísun læknis í undanþágulyf


- » Lyfjastofnun getur **heimilað lyfjafræðingum í apótekum að breyta ávísun læknis úr markaðssettu lyfi í undanþágulyf skv. 52. gr. lyfjalaga 100/2020.**
 - › Úrræðið er einungis notað í sérstökum tilvikum að undangengnu öryggismati og þegar ljóst þykir að án aðgerða kæmi upp íþyngjandi staða fyrir lyfjanotendur og heilbrigðisstarfsfólk.

17

- Heimild í gildi í dag þar sem lyfjafræðingar í apótekum geta breytt lyfjaávísun læknis
- Það sem af er ári hafa verið veittar **171 heimildir fyrir 43 lyf**, að baki þeim er fjöldi lyfjaávísana. Frekari upplýsingar má sjá á [vef Lyfjastofnunar](#).

Fyrirvari lyfjaskortstilkynninga fyrir lyfjaskort sem er til staðar í dag

- 29% tilkynninga barst Lyfjastofnun þegar skortur var hafinn, samanborið við 43% árið 2024
- 9% tilkynninga bárust með 1-7 daga fyrirvara, samanborið við 14% árið 2024



Fyrirvari er mikilvægur svo nægur tími sé fyrir lyfjafyrirtæki að útvega sambærilegt markaðssett lyf eða undanþágulyf. Þannig er hægt að koma í veg fyrir hugsanleg vandræði lyfjanotenda og aukna vinnu fyrir heilbrigðisstarfsfólk.

Lágmarksbirgðir – Öll hin Norðurlöndin hafa innleitt löggjöf varðandi skyldur um að halda lyfjalager nauðsynlegra lyfja í landinu og slíkt er nauðsynlegt hérlandis.